

Ed.

213. Frumvarp til laga

[171. mál]

um jöfnunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 3% jöfnunargjald af öllum innfluttum vörum sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar og fríverslunarsamnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Sama skal gilda um innfluttar vörur upprunnar í öðrum löndum sem flokkast undir sömu tollskrárnúmer samkvæmt lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og vörur sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af samkvæmt heimild í 13. tl. 3. gr. nefndra laga til samræmis við tolltaxta tollskrárnúmera sem nefndir samningar taka til.

Jöfnunargjald skv. 1. mgr. skal einnig innheimt af innfluttum vörum sem tollar hafa verið felldir niður af án tillits til uppruna skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum, enda falli vörur þessar undir tollalækkunarákvæði samninga þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. þessarar greinar og sams konar eða hliðstæðar vörur séu framleiddar hér á landi.

2. gr.

Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal greiða af tollverði innfluttrar vöru. Um ákvörðun tollverðs skulu gilda þar að lútandi ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Jöfnunargjald skv. 1. gr. skal innheimt með aðflutningsgjöldum.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi jöfnunargjald af gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollefthrit og laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o. fl. með síðari breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Af vörum sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. skal ekki innheimta jöfnunargjald skv. 1. gr. laga þessara. Ráðherra er heimilt í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða vörur skuli gjaldskyldar skv. 1. gr. svo og önnur atriði varðandi framkvæmd laga þessara.

Ráðherra skal heimilt að undanþiggja einstakar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

5. gr.

Tekjum af jöfnunargjaldi skal ráðstafað í fjárlögum ár hvert að hluta til eflingar iðnþróunar.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um næstkomandi áramót falla úr gildi lög nr. 83/1978 um jöfnunargjald. Jöfnunargjald samkvæmt ákvæðum laga þessara er lagt á innflutning sömu iðnaðarvara og framleiddar eru hér á landi, í þeim tilgangi að veða upp á móti þeim sölu-skatti sem verður hluti framleiðslukostnaðar þessara vara samkvæmt gildandi sölu-skattslögum. Gert var ráð fyrir því við setningu nefndra laga um jöfnunargjald að einungis yrði um tímabundna ráðstöfun að ræða þar sem stefnt skyldi að setningu laga um virðisaukaskatt í stað núverandi söluskattslaga í byrjun árs 1981, en með upptöku virðisaukaskatts yrði eytt uppsöfnunaráhrifum þeim sem fólgin eru í núgildandi söluskattskerfi.

Ljóst er að enn um sinn verður einhver dráttur á því að upp verði tekinn virðisaukaskattur hér á landi í stað núgildandi söluskattskerfis. Ýmsar ástæður eru þess valdandi að fresta verður upptöku þessa skattforms, m. a. umfangsmiklar breytingar sem gerðar hafa verið nýverið á innheimtu tekju- og eignarskatts sem óhjákvæmilega hafa í byrjun lagt ýmsar byrðar á starfslíð skattkerfisins. Auk þess hefur ríkisstjórnin ákveðið að leggja fyrir Alþingi til samþykktar á þessu þingi frumvarp til laga um staðgreiðslu skatta. Má vænta þess að staðgreiðsla skatta verði komin til framkvæmda tveim árum eftir að Alþingi hefur tekið ákvörðun um staðgreiðslu skatta. Telja verður óráðlegt að ráðist sé í umfangsmiklar breytingar á söluskattskerfinu á sama tíma, auk þess sem undirbúningur undir setningu laga um virðisaukaskatt og framkvæmd hans krefst nánari athugunar við. Með hliðsjón af óvissu þeirri sem samkvæmt framansögðu er um alla nánari tímasetningu um upptöku virðisaukaskatts er lagt til með þessu frumvarpi að gildistími innheimtu jöfnunargjalds verði framlengdur ótímabundið.

Hér skal ekki gerð nánari grein fyrir forsendum þeim sem álagning jöfnunargjalds á svonefndar samkeppnisvörur er byggð á og vísast þar um til greinargerðar með frumvarpi til laga um jöfnunargjald sem samþykkt voru á Alþingi 1978, sbr. Alþingistíðindi 1977—1978, þingskjal 717, og nefndarálit meirihluta fjárhags- og viðskiptanefndar, þingskjal 838.

Til að jafna stöðu innlendra framleiðenda iðnaðarvara sem selt hafa vörur sínar á erlendum mörkuðum hefur uppsafnaður söluskattur í útflutningsverði verið endurgreiddur. Uppsöfnunaráhrif söluskatts hafa verið útreiknuð af Þjóðhagsstofnun. Samkvæmt þeim útreikningum hafa uppsöfnunaráhrifin verið talin mjög mismunandi eftir iðngreinum eins og eftirfarandi tafla um endurgreiðsluhlutfall af útflutningsverðmæti einstakra iðnaðarvara sýnir:

Vörutegund	%
Ullarvörur	3,1
Lagmeti	4,0
Skinnavörur	4,9
Kísilgúr	5,5
Veiðarfæri	2,4
Umbúðir	1,7
Ýmsar iðnaðarvörur	1,1

Endurgreiddur uppsafnaður söluskattur vegna útfluttra iðnaðarvara á árinu 1979 nam um 734 mkr. Gert er ráð fyrir að endurgreiddur uppsafnaður söluskattur vegna iðnaðarvara sem fluttar voru út á árinu 1980 verði um 1150 mkr. Þegar hafa á þessu ári verið endurgreiddar 454 mkr. Þess má geta hér að hinn 8. nóvember 1979 var ákveðið að greiða þeim fyrirtækjum uppsafnaðan söluskatt sem framleiða samkeppnisvörur fyrir innanlandsmarkað og ekki er lagt á jöfnunargjald við innflutning. Endurgreiðslur þessar ná til framleiðslu á veiðarfærum, umbúðum og fóðurvörum en auk þess hafa fyrirtæki í skipasmíði og málmsmíði fengið uppsafnaðan söluskatt endurgreiddan. Samtals hafa fyrirtæki í þessum iðngreinum fengið um 123 mkr. endurgreiddar vegna uppsafnaðs söluskatts tímabilið 1. júlí til 31. desember 1979.

Frá því að lög nr. 83/1978 um jöfnunargjald voru sett hafa ýmsir annmarkar komið í ljós á löggjöf þessari sem nauðsynlegt þykir að úr verði bætt. Eðlilegast þótti að koma breytingum þessum við með því að leggja fram frumvarp til laga um jöfnunargjald í heild fremur en frumvarp til laga um breytingar á einstökum greinum núgildandi laga. Í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir er gerð nánari grein fyrir einstökum breytingum sem felast í frumvarpi þessu frá því sem er í núgildandi löggjöf.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, eins og í núgildandi lögum, að jöfnunargjald verði lagt á þær vörur sem tollar hafa verið lækkaðir á eða felldir niður af vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samnings Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu. Hinn 1. júlí 1980 kom til framkvæmda viðskiptasamningur EFTA-landanna og Spánar, m. a. um tollalækkanir á iðnaðarvörum upprunnum á Spáni, sbr. auglýsingu nr. 267/1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar. Tollalækkanir sem leiða af samningi þessum hafa ekki áhrif á innheimtu jöfnunargjaldsins en rétt þykir engu að síður að taka af öll tvímæli í þeim efnum. Frá og með 1. janúar verður Grikkland fullgildur aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu og Kola- og stálbandalagi Evrópu. Vegna stækkunar bandalagsins af þessum sökum hafa breytingar á fríverslunarsamningum einstakra EFTA-landa við bandalögin verið í undirbúningi og eru nú á lokastigi. Mun tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til fullgildingar fyrir Íslands hönd á tveimur alþjóðlegum samningum svo og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. verða lagt fyrir Alþingi innan tíðar. Stækkun Efnahagsbandalags Evrópu gefur ekki til efni til sérstakra orðalagsbreytinga frá því sem nú er á 1. gr. núgildandi jöfnunargjaldslaga.

Með stoð í 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga hafa ýmsar samræmingar verið gerðar á undanförunum árum á tollum sem samkvæmt orðalagi 1. gr. laganna hafa verið mis háir á hinum ýmsu vörutegundum vegna ólíkrar tollflokunar vara eftir efni því sem þær hafa verið gerðar úr. Vörur þessar hafa í sumum tilvikum ekki fallið undir tollskrárnúmer í 1. gr. tollskrárlaga þar sem tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður samkvæmt ákvæðum samnings Íslands við EFTA og EBE en öðlast hins vegar réttindi til sérstakrar tollmeðferðar samkvæmt samningum þessum vegna samræmingar tolla á grundvelli 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga. Þykir rétt að ótvíræð ákvæði séu í lögum um jöfnunargjald um álagningu gjaldsins á vörur þessar.

Lagt er til skv. 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins að tekið verði upp ákvæði í jöfnunargjaldslögin er kveði á um innheimtu jöfnunargjalds af innfluttum vörum sem tollar hafa almennt verið felldir niður af skv. 1. gr. tollskrárlaga án tillits til uppruna, enda falli vörur þessar undir ákvæði samninga þeirra sem um ræðir í 1. gr. og framleiðsla á slíkum vörum sé hafin hér á landi. Jöfnunargjald verður þó ekki fremur en verið hefur lagt á innfluttar vörur sem tollfrjálsar voru fyrir inngöngu Íslands í EFTA, t. d. skip.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarps þessa eru ákvæði efnislega samhljóða ákvæðum 2. gr. núgildandi jöfnunargjaldslaga en nokkuð ýtarlegri.

Um 3. gr.

Lagt er til að lögfest verði ákvæði er undanþiggi ýmsar vörur gjaldskyldu samkvæmt lögnum sem tollfrjálsar eru samkvæmt 2. gr. tollskrárlaga. Þá er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til þess að fella niður eða endurgreiða jöfnunargjald af vörum sem sérstaka tollmeðferð hljóta samkvæmt 3. og 4. gr. tollskrárlaga. Með ákvæði þessu er fyrst og fremst verið að afla heimildar til þess að endurgreiða

jöfnunargjald sem lagt er á ýmsar efnivörur sem notaðar eru til nýsmíði og viðgerða skipa hér á landi, en eins og fram kemur í greinargerð um 1. gr. er m. a. ekki gert ráð fyrir að jöfnunargjald verði lagt á innflutt skip. Endurgreiðslur samkvæmt slíkri heimild gætu í heild numið 100—150 mkr. á árinu 1981. Gera verður ráð fyrir að framleiðendum innanlands, sem við ráðstöfun þessa munu búa við skerta samkeppnisstöðu, verði bætt sérstaklega uppsöfnunaráhrif söluskatts.

Um 4. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru samhljóða ákvæðum 4. gr. núgildandi laga. Í 2. mgr. er lagt til að ráðherra geti undanþegið einstakar vörur gjaldskyldu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Um 5. gr.

Í fjárlögum fyrir árið 1980 eru tekjur af jöfnunargjaldi áætlaðar 1840 mkr. en verða í reynd um 1900 mkr. Til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts er ráðgert að verja um 1150 mkr. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1981 er reiknað með að tekjur af jöfnunargjaldi á næsta ári verði um 2700 mkr. Þegar lögin um jöfnunargjald öðluðust gildi hinn 1. júlí 1978 varð að samkomulagi í þáverandi ríkisstjórn að um þriðji hluti gjaldsins rynni í ríkissjóð til að mæta áætluðum útgjaldaauka ríkissjóðs vegna gjaldtökunnar og hefur svo verið síðan.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringar.